



STOFNAD
21. NÓVEMBER 1966

Kæru sjúkraliðar!

Í tilefni af hálftrar aldar afmælis Sjúkraliðafélags Íslands verður blásið til ráðstefnu föstudaginn 18. nóvember kl.13.00 -16.15 á Hótel Natura. Eftir ráðstefnuna verður opið hús þar sem félagið mun bjóða upp á léttar veitingar.

Dagskrá ráðstefnunnar verður auglýst á vefnum 4. október. Vonast er til að sem flestir sjái sér fært um að mæta og taki daginn frá. Opnað verður fyrir skráningu miðvikudaginn 5.október. Hægt verður að skrá sig á vefnum, senda tölvupóst á sigga@slfi.is, lilja@slfi.is eða sigurlaug@slfi.is eða skrá sig símleiðis í s. 553-9494.

Samgöngustyrkur:

Ákveðið hefur verið að styrkja sjúkraliða til þátttöku sem ferðast af landsbyggðinni. 10.000 kr verður greitt fyrir 250 – 400 km. akstur og 15.000 kr fyrir akstur umfram 400 km. á bifreið. Fyrir flugfargjöld er greitt allt að 15.000 kr.

